



## VERÐBRÉFALÝSING

24. maí 2022

Umsjónaraðili með gerð lýsingar

Íslandsbanki hf.



# Efnisyfirlit

<b>1. Áhættuþættir</b>	<b>2</b>
1.1. ALMENN ÁHÆTTA TENGD FJÁRFESTINGU Í SKULDABRÉFUM	2
1.2. ÁHÆTTA TENGD SKULDABRÉFAFLOKKNUM	3
1.2.1. Endurgreiðsluáhætta	3
1.2.2. Markaðsáhætta	3
1.2.3. Vaxtaáhætta	3
1.2.4. Seljanleikaáhætta	3
1.2.5. Uppgreiðsluáhætta	4
1.2.6. Áhætta vegna skilmálabreytinga	4
1.2.7. Uppgjörsáhætta	4
1.3. LAGALEG- OG SKATTALEG ÁHÆTTA	4
<b>2. Upplýsingar um verðbréfin</b>	<b>6</b>
2.1. ALMENNT UM SKULDABRÉFIN	6
2.2. HEIMILD TIL ÚTGÁFUNNAR	6
2.3. SJÁLFBÆR SKULDABRÉF	6
2.4. SKILMÁLAR OG SÉRSTÖK SKILYRÐI SKULDABRÉFAFLOKKSINS	7
2.4.1. Skilmálar skuldabréfaflokksins	7
2.4.2. Skilgreind hugtök í tengslum við skuldabréfin	7
2.4.3. Sérstök skilyrði vegna skuldabréfaflokksins Brim 221026 GB	11
2.4.4. Skipulag greiðslna og sjóðstreymi	11
2.4.5. Önnur lánsfjármögnun útgefanda	12
2.4.6. Skattheimta	12
2.4.7. Lagarammi	12
<b>3. Tilkynning til fjárfesta</b>	<b>13</b>
3.1. SKULDABRÉF TEKIN TIL VIÐSKIPTA Á SKIPULÖGÐUM MARKAÐI	14
3.2. ÁSTÆÐA ÚTGÁFUNNAR, RÁÐSTÖFUN ANDVIRÐIS HENNAR OG MARKMIÐ MEÐ TÖKU BRÉFANNA TIL VIÐSKIPTA	14
3.3. UMSJÓNARAÐILI ÚTGÁFUNNAR OG TÖKU SKULDABRÉFANNA TIL VIÐSKIPTA	14
3.4. ENDURSKOÐENDUR ÚTGEFANDA	15
3.5. UPPLÝSINGAR FRÁ ÞRIÐJA AÐILA	15
3.6. STAÐFESTING AF HÁLFU FJÁRMÁLAEFTIRLITS SEÐLABANKA ÍSLANDS	15
3.7. YFIRLÝSING ÁBYRGÐARAÐILA VERÐBRÉFALÝSINGAR FYRIR HÖND ÚTGEFENDA	16

# 1. Áhættuþættir

Áhættuþættir þeir sem hér á eftir er lýst eru þeir sem Brim hf., kt. 541185-0389, Norðurgarði 1, 101 Reykjavík (ýmist nefnt „Brim“, „útgefandinn“, „félagið“ og „samstæðan“ í verðbréfalýsingu þessari) er kunnugt um og telur að geti haft áhrif á getu Brims til að uppfylla skuldbindingar sínar gagnvart fjárfestum vegna skuldabréfanna sem bera auðkennið Brim 221026 GB eins og þau eru skilgreind í verðbréfalýsingu þessari (ýmist nefnt „skuldabréfin“, „skuldabréfaflokkurinn“ eða „flokkurinn“).

Þessi lýsing Brims sem stamanstendur af útgefandalýsingu útgefanda og verðbréfalýsingu þessari, dagsettar 24. maí 2022, varðar umsókn útgefanda um töku skuldabréfaflokksins BRIM 221026 GB til viðskipta á skipulegum markaði Nasdaq Iceland hf., kt. 681298-2829, Laugavegi 182, 105 Reykjavík (hér eftir „Nasdaq Iceland“).

Samkvæmt bestu vitund inniheldur kafli 1 Áhættuþættir í útgefandalýsingu þessari tæmandi lýsingu á þeim áhættuþáttum sem máli kunna að skipta við að meta áhættu af fjárfestingu í skuldabréfaflokknum útgefnum af Brimi, við útgáfu á þessari útgefandalýsingu.

Áhættuþættirnir eru settir fram eftir alvarleika að mati útgefanda, að teknu tilliti til neikvæðra áhrifa á útgefandann og verðbréfin og líkanna á að þeir raungerist. Þannig er leitast við að telja upp alvarlegustu áhættuþættina. Brim getur ekki metið líkur þess að tilteknir áhættuþættir, sem hér er fjallað um, muni hafa áhrif á starfsemi félagsins en áhættuþáttunum er raðað í mikilvægisröð, m.a. út frá líkunum að þeir raungerist. Sá möguleiki er ennfremur fyrir hendi að félagið geti ekki staðið við skuldbindingar sínar vegna annarra þátta en þeirra sem hér eru taldir upp og teljast miðað við núverandi upplýsingar ekki til áhættu.

Áhættuþættir þessir eru háðir óvissu og því er útgefanda ekki mögulegt að segja til um líkur á því að þeir raungerist en í neðangreindri umfjöllun setur félagið fram líkindaröð samkvæmt bestu vitund. Möguleiki er á því að útgefandi geti ekki staðið við skuldbindingar sínar vegna annarra þátta sem ekki eru taldir áhættuþættir á grundvelli þeirra upplýsinga sem nú liggja fyrir og útgefanda er kunnugt um.

Félagið á sér langa sögu á verðbréfamarkaði á Íslandi sem fjárfestar eru hvattir til að skoða til að kynnast félaginu og áhættuþáttum þess. Forveri Brims, Grandi hf., var tekið til viðskipta á Hlutabréfamarkaðnum hf., í nóvember 1989. Í júní 2006 óskaði síðan félagið eftir afskráningu hlutabréfa félagsins af aðallista Kauphallarinnar (við útgáfu þessarar lýsingar þekkt sem Nasdaq Iceland) en samhliða þeirri afskráningu voru bréfin tekin til viðskipta á iSEC markaðstorgi Kauphallarinnar (við útgáfu þessarar lýsingar þekkt sem Nasdaq First North). Hlutabréf og aðrir fjármálagerningar útgefnir af félaginu hafa síðan verið í viðskiptum á skipulegum markaði Nasdaq Iceland frá árinu 2014. Fjárfestar eru eindregið hvattir til að kynna sér allt opinberlega birt efni frá útgefanda.

Áður en ákvörðun er tekin um fjárfestingu í verðbréfum útgefnum af Brimi er mikilvægt að fjárfestar kynni sér og leggi sjálfstætt mat á allar upplýsingar sem koma fram í lýsingu félagsins sem samanstendur af verðbréfalýsingu þessari og útgefandalýsingu útgefanda, dagsettar 24. maí 2022.

Utan þeirra þátta sem getið er í verðbréfalýsingu þessari er félaginu samkvæmt bestu vitund ekki kunnugt um neina stjórnvaldslega, efnahagslega, skattalega eða peningalega stefnu né óvissuþætti, kröfur eða skuldbindingar sem hafa eða gætu haft mikilvæg bein eða óbein áhrif á rekstur Brims.

## 1.1. Almenn áhætta tengd fjárfestingu í skuldabréfum

Skuldabréf bera markaðsáhættu sem felst í því að virði þeirra getur sveiflast samhliða hreyfingum á ávöxtunarkröfu skuldabréfa á mörkuðum. Ef ávöxtunarkrafa hækkar þá lækkar virði bréfanna og á hinn bóginn ef ávöxtunarkrafa lækkar þá eykst virði bréfanna. Margvísleg atriði geta orðið til þess að breytingar

verða á mörkuðum með fjármálagerninga og þá á verði skuldabréfanna, s.s. breytingar á vaxtastigi, lagabreytingar, ófyrirséðir atburðir eða áföll og almennt efnahagsástand. Fjármálamarkaðir eru háðir rekstrarumhverfi sem stjórnvöld skapa á hverjum tíma. Slíkir atburðir eru utan áhrifasviðs útgefanda. Nánar er vikið að lagaumhverfi því sem um verðbréfin og útgefanda þeirra gilda í kafla 1.3 *Lagaleg- og skattaleg áhætta* í verðbréfalýsingu þessari.

Fjárfesting í skuldabréfum felur í sér áhættu. Skuldabréf standa framar í kröfuröðinni en til dæmis hlutabréf, en þrátt fyrir það geta fjárfestar tapað verðmæti fjárfestingar sinnar í heild eða að hluta.

Ekki er hægt að veita tryggingu fyrir því að fjárfestingin muni reynast arðsöm. Þá skulu væntanlegir fjárfestar einnig hafa það hugfast að þrátt fyrir að fjárfesting í skuldabréfum kunni að skila góðri ávöxtun almennt er sú hættu ávallt fyrir hendi að skuldabréf í einstökum félögum reynist óarðbær.

## 1.2. Áhætta tengd skuldabréfaflokknum

### 1.2.1. Endurgreiðsluáhætta

Standi útgefandi ekki við skuldbindingar sínar samkvæmt skilmálum skuldabréfanna getur það haft í för með sér fjárhagslegt tjón fyrir fjárfesta. Útgefandi skuldbindur sig til að endurgreiða skuldabréfin á gjalddaga með tekjum sínum og eignum. Skuldbinding útgefanda er bein og óskilyrt og nýtur ekki tryggingar í veðandlagi. Vert er að nefna að aðrar skuldbindingar Brims eru veðtryggðar en skuldabréfin njóta ekki veðtrygginga og standa fjárfestar því frammi fyrir þeirri áhættu að kröfur þeirra á hendur útgefanda njóta ekki sérstakra trygginga í eignum útgefanda. Slíkar kröfur standa aftar veðtryggðum kröfum í veðröð komi til gjaldþrots eða slita.

Endurgreiðsluáhætta felst í því að útgefandi verði ófær um að greiða af skuldabréfunum á gjalddaga og takist ekki, þrátt fyrir tímafresti til úrbóta, að mæta skuldbindingum vegna þeirra. Til að draga úr slíkri áhættu hefur útgefandi samþykkt skilmála vegna skuldabréfaflokksins sem ætlað er að bæta réttarstöðu skuldabréfaeigenda gagnvart útgefanda. Skilmálarnir innihalda m.a. gjaldfellingarákvæði en nánar má lesa um gjaldfellingarákvæði skilmálanna í kafla 2.4.2 *Skilgreind hugtök í tengslum við skuldabréfin*.

### 1.2.2. Markaðsáhætta

Hætta er á að markaðsverð skuldabréfanna rýrni vegna breytinga á ávöxtunarkröfu markaðarins. Mögulegt er að slíkar breytingar á ávöxtunarkröfu markaðarins séu almennar eða nái einungis til ákveðins hluta markaðarins. Að sama skapi getur ávöxtunarkrafa til einstakra skuldabréfa á markaði sveiflast. Almennt séð lækkar virði skuldabréfa ef ávöxtunarkrafa til þeirra hækkar, og hækkar ef ávöxtunarkrafa til þeirra lækkar.

### 1.2.3. Vaxtaáhætta

Almennt lækkar markaðsvirði skuldabréfa með föstum vöxtum ef ávöxtunarkrafa á markaði hækkar og öfugt, að öðru óbreyttu. Áhrif vaxtabreytinga eru meiri á lengri skuldabréf en styttri. Fjárfesting í skuldabréfum með föstum vöxtum felur í sér hættu á því að vextir sem fjárfestar fá greidda af viðkomandi skuldabréfi séu lægri en þeir vextir sem bjóðast almennt á markaði. Almennt lækkar markaðsvirði skuldabréfa með föstum vöxtum ef fjárfestar telja sig geta fengið betri ávöxtun af annarri sambærilegri fjárfestingu að öðru óbreyttu.

### 1.2.4. Seljanleikaáhætta

Seljanleikaáhætta skuldabréfanna felst í því að ekki reynist mögulegt að selja skuldabréfin á eftirmarkaði á þeim tíma, í því magni og/eða á því verði sem fjárfestar vilja. Verðmyndun á markaði getur verið óskilvirk af þessum orsökum sem veldur því að töluverður munur getur verið á kaup- og sölugengi. Þrátt fyrir að sótt

verði um töku skuldabréfanna til viðskipta á skipulegum markaði Nasdaq Iceland er ekki hægt að ábyrgjast að skilvirkur markaður myndist með skuldabréfin. Ekki er fyrirhugað að halda úti viðskiptavakt með skuldabréfin.

#### 1.2.5. Uppgreiðsluáhætta

Útgefanda er óheimilt að greiða upp eða inn á skuldabréfin á líftíma skuldabréfanna. Útgefanda er þó heimilt að kaupa og selja skuldabréfin, í heild eða að hluta, á eftirmarkaði. Búast má við að útgefandi kaupi frekar skuldabréfin á eftirmarkaði þegar kostnaður við nýtt lánsfé er lægri en vextir á viðkomandi skuldabréfaflokki. Við slíkar aðstæður eru minni líkur á því að fjárfestar geti fengið sambærilega ávöxtun.

#### 1.2.6. Áhætta vegna skilmálabreytinga

Breytingar á skilmálum skuldabréfanna eru háðar samþykki aukins meirihluta eigenda skuldabréfanna miðað við fjárhæð (90%). Engar takmarkanir eru á því hvaða skilmálum er heimilt að breyta. Þar sem ekki þarf samþykki allra eigenda skuldabréfanna fyrir skilmálabreytingum er sú hætta fyrir hendi að skilmálabreyting verði samþykkt þrátt fyrir að 10% eigenda skuldabréfanna, miðað við fjárhæð, hafi metið skilmálabreytinguna sem verri kost fyrir sig. Nánari umfjöllun má finna í kafla 2.4.2 *Skilgreind hugtök í tengslum við skuldabréfin* í verðbréfalýsingu þessari.

#### 1.2.7. Uppgjörsáhætta

Sú áhætta er til staðar, í tengslum við viðskipti með skuldabréfin, að greiðsla í greiðslukerfi sé ekki gerð upp með þeim hætti sem vænst var sökum þess að mótaðili greiðir eða afhendir ekki greiðslu á réttum tíma.

### 1.3. Lagaleg- og skattaleg áhætta

Um útgáfu skuldabréfanna gilda íslensk lög svo sem þau voru við staðfestingu lýsingar þessarar. Skuldabréfin eru verðbréf í skilningi 63. tölul. 4 gr. laga nr. 115/2021 um markaði fyrir fjármálagerninga og eru rafrænt skráð, sbr. lög nr. 7/2020 um verðbréfamiðstöðvar, uppgjör og rafræna eignaskráningu fjármálagerninga. Hlutabréf í útgefanda, sem og aðrir fjármálagerningar útgefnir af Brimi, hafa verið tekin til viðskipta á skipulegum markaði Nasdaq Iceland sem er skipulegur markaður í skilningi laga nr. 115/2021 um markaði fyrir fjármálagerninga.

Að auki ber félaginu að fylgja lögum, reglugerðum og reglum sem gilda um útgefendur verðbréfa sem tekin hafa verið til viðskipta eins og þau eru á hverjum tíma, m.a., lög nr. 20/2021 um upplýsingaskyldu útgefenda verðbréfa og flöggunarskyldu, lög nr. 60/2021 um aðgerðir gegn markaðssvikum, reglugerðir og reglur settar á grundvelli fyrrnefndra laga, svo sem reglugerð nr. 977/2021 um tilkynningar um raunveruleg eða möguleg brot á lögum um aðgerðir gegn markaðssvikum og reglur nr. 320/2022 um aðgerðir gegn markaðssvikum.

Að auki við þau lög sem varða verðbréfavíðskipti og útgáfu skuldabréfa þá er útgefandi bundinn af íslenskri skattalöggjöf eins og hún er á hverjum tíma, svo sem lögum um tekjuskatt nr. 90/2003, lögum um stimpilgjald nr. 138/2013. Skattalöggjöf kann að breytast með neikvæðum afleiðingum fyrir fjárfesta og útgefanda á líftíma skuldabréfanna.

Breytingar á lögum og reglum, dómsúrskurðir eða stjórnvaldsákvæðanir gætu haft áhrif á starfsemi félagsins og virði skuldabréfanna til lengri eða skemmri tíma. Slíkar breytingar gætu leitt til taps fyrir félagið eða með öðrum hætti haft neikvæð áhrif á arðsemi þess eða fjárhagslega stöðu. Útgefandi getur ekki borið ábyrgð á lagabreytingum, ákvörðunum stjórnvalda eða öðrum atriðum sem kunna að eiga sér stað á líftíma skuldabréfanna eftir dagsetningu verðbréfalýsingarinnar og hugsanlegum áhrifum þeirra á skilmála skuldabréfanna og virði þeirra.

Brim kann að verða aðili að dómsmálum eða kröfugerðum af hendi þriðja aðila. Ekki er hægt að útiloka að dómsúrskurðir eða stjórnvaldsákvarðanir verði félaginu óhagfelldir.

## 2. Upplýsingar um verðbréfin

### 2.1. Almennt um skuldabréfin

Auðkenni skuldabréfaflokks:	ISIN:	Nafnverðs-eining flokks:	Loka-gjaldldagi:	Gjaldmiðill:	Tegund:	Verðtrygging:	Nafn-vextir:
Brim 221026 GB	IS000033470	20.000.000- kr.	22.10.2026	ISK	Eingreiðslu-bréf	Nei	4,67% fastir

Skuldabréfin eru nafnbréf, rafrænt skráð hjá Nasdaq CSD SE, útibúi á Íslandi, Laugavegi 182, (hér eftir „**Nasdaq CSD**“) Bréfin eru vistuð á vörslureikningi viðkomandi fjárfestis hjá reikningsstofnun að hans vali. Eignaskráning rafbréfa hjá verðbréfamiðstöð veitir skráðum eiganda þess lögformlega heimild fyrir þeim réttindum sem hann er skráður eigandi að.

Skuldabréfin voru seld afmörkuðum hópi fagfjárfesta í lokuðum útboðum sem fóru fram í október 2021 og janúar 2022. Hægt verður að eiga með þau viðskipti á eftirmarkaði á líftíma bréfanna. Sala og afhending fór fram gegn staðgreiðslu.

Allar kröfur til endurgreiðslu skuldabréfanna eru jafn rétt háar innbyrðis. Komi til þess að tryggingar dugi ekki til greiðslu skuldabréfanna nýtur eftirstandandi krafa sömu rétt hæðar og ótryggðar kröfur á hendur útgefanda. Útgefandi ber einn ábyrgð á greiðslum af skuldabréfunum. Verðbréfin hafa ekki skráð láns hæfismat. Skuldabréfin eru ekki tryggð með veðandlagi.

### 2.2. Heimild til útgáfunnar

Stjórn Brims samþykkti heimild til útgáfu skuldabréfa á fundi sínum þann 8. október 2020..

Skuldabréf úr flokknum Brim 221026 GB að nafnverði 2.500 m.kr. voru seld þann 22. október 2021 á ávöxtunarkröfunni 4,75%. Þá voru skuldabréf að nafnverði 2.500 m.kr. seld þann 14. janúar 2022 á ávöxtunarkröfunni 5,10%.

### 2.3. Sjálfbær skuldabréf

Skuldabréfin eru gefin út undir sjálfbærum fjármögnunarramma félagsins og eru kennd við grænan og bláan lit. Sjálfbærni fjármögnunarramminn felur í sér að fjármagni verður varið til að fjármagna eða endurfjármagna gjaldgeng græn eða blá verkefni eins og lýst er í rammanum. Dæmi um verkefni sem falla innan rammans eru:

- Umhverfisvæn farartæki á borð við rafmagns, vetnis og lífgas/metan bifreiðar;
- Umhverfisvænar byggingar;
- Upplýsinga- og samskiptalausnir sem draga úr mengun og losun gróðurhúsalofttegunda;
- Vistvænar vörur, framleiðsla, tækni og ferlar;
- Innviðir sem auka nýtingu á endurnýjanlegri orku; og
- Innviðir og tækni sem dregur úr mengun.

Forstjóri Brims ber ábyrgð á sjálfbærni í almennum rekstri félagsins. Framkvæmdastjórn Brims ber ábyrgð á endurskoðun, mati og vali á mögulega gjaldgengum verkefnum á grundvelli félagslega fjármögnunarrammans. Í samræmi við grænan og bláan fjármögnunarrammann mun Brim árlega upplýsa um ráðstöfun fjármuna sem aflað er undir fjármögnunarrammanum og áhrif þeirra á samfélagsleg

verkefni. Skýrslugjöfin mun fara fram á heildstæðan hátt og í samræmi við venjur á markaðinum og alþjóðlegar viðmiðunarreglur og samskiptareglur.

Alþjóðlega vottunarfyrirtækið Sustainalytics veitti álit (e. *Second party opinion*) á sjálfbærum fjármögnunarramma Brims. Sjálfbæri fjármögnunarramminn, ásamt álitinu er að finna á heimasíðu Brims og má finna í kafla 3.2.2 *Skjöl til sýnis* í útgefandalýsingu dagsettri 24. maí 2022.

## 2.4. Skilmálar og sérstök skilyrði skuldabréfaflokksins

### 2.4.1. Skilmálar skuldabréfaflokksins

Texti þessi byggir á skilmálum skuldabréfsins sem koma fram í útgáfulýsingu sem var gefin út vegna rafrænnar útgáfu skuldabréfanna í kerfi hjá Nasdaq CSD. Innbyrðis efnisröð hefur þó verið lítillega breytt og kaflaskipting aukin til hægðarauka fyrir lesendur.

<b>Auðkenni:</b>	Brim 221026 GB
<b>ISIN:</b>	IS000033470
<b>Gjaldmiðill:</b>	ISK
<b>Vextir:</b>	4,67% fastir vextir
<b>Dagaregla:</b>	30/360
<b>Fyrsti vaxtagjalddagi:</b>	22. janúar 2022
<b>Útgáfudagur:</b>	22. október 2021
<b>Lokagjalddagi:</b>	22. október 2026
<b>Heildarútgáfa:</b>	kr. 5.000.000.000 (krónur fimm milljarðar)
<b>Útgefið nú:</b>	kr. 5.000.000.000 (krónur fimm milljarðar)
<b>Nafnverðseining:</b>	kr. 20.000.000 (krónur tuttugu milljónir)
<b>Útreikningsaðili:</b>	Útgefandi
<b>Samstæðan:</b>	Brim hf., ásamt dótturfélögum.
<b>Verðtrygging:</b>	Skuldabréfin eru óverðtryggð.
<b>Uppgreiðsluheimild:</b>	Skuldabréfin eru úppgreiðanleg.
<b>Sjálfbærnisflokkun skuldabréfanna:</b>	Skuldabréfin falla undir grænan og bláan fjármögnunarramma útgefanda.

### 2.4.2. Skilgreind hugtök í tengslum við skuldabréfin

#### *Skuldabréfin*

Skuldabréf í skuldabréfaflokki þessum, sem ber auðkennið Brim 221026 GB eins og þau eru skilgreind í verðbréfalýsingu þessari (ýmist nefnt „skuldabréfin“, „skuldabréfaflokkurinn“ eða „flokkurinn“).



## **Skuldabréfaeigendur**

Allir þeir sem eiga kröfur á útgefanda á grundvelli skuldabréfanna og geta framvísað staðfestingu á eign sinni á skuldabréfunum með sannanlegum hætti, t.a.m. með útskrift vörslureiknings hjá reikningsstofnun.

## **Prófunardagur**

Þeir dagar sem útreikningur á fjárhagslegum skilyrðum skuldabréfanna skal miðast við. Prófunardagar eru tveir talsins á ári hverju, í kjölfar birtingar ársreiknings annars vegar og árshlutareiknings fyrir fyrstu sex mánuði ársins hins vegar. Skal prófunardagur vera eigi síðar en 2 vikum eftir birtingu framangreindra árs- og árshlutareikninga. Fyrsti prófunardagur tekur mið af ársuppgjöri ársins 2021.

## **Reiknaðir vextir**

Vextir eins og þeir reiknast miðað við uppreiknaðan höfuðstól, að teknu tilliti til gengisáhrifa hverju sinni. Gjaldfærðar gengisbreytingar (reiknaðar og ógreiddar) teljast ekki til reiknaðra vaxta.

## **Greiðslur vaxta og höfuðstóls**

Vextir fram til lokagjalddaga greiðast fjórum sinnum á ári, þann 22. janúar, 22. apríl, 22. júlí og 22. október ár hvert (hér eftir „**gjald dagar**“). Á lokagjalddaga greiðist höfuðstóll skuldabréfsins í einni greiðslu ásamt þeim vöxtum sem fallið hafa á frá gjalddaga síðustu vaxtagreiðslu.

Beri gjalddaga upp á dag sem ekki er bankadagur skal greiðsludagur vera næsti bankadagur þar á eftir. Bankadagur í skuldabréfi þessu telst vera virkur dagur þegar bankar eru almennt opnir á Íslandi.

Greiðslustaður er hjá reikningsstofnunum, í samræmi við greiðsluupplýsingar frá verðbréfamiðstöð og ber hver reikningsstofnun ábyrgð á útdeilingu greiðslna til skuldabréfaeigenda.

## **Dráttarvextir**

Greiði útgefandi ekki samningsbundnar afborganir og vexti á gjalddaga skuldabréfanna er skuldabréfaeigendum heimilt að innheimta dráttarvexti, í samræmi við ákvörðun Seðlabanka Íslands á hverjum tíma um grunn dráttarvaxta og vanefndarálag, sbr. 1. mgr. 6. gr. laga 38/2001 um vexti og verðtryggingu af gjaldfallinni fjárhæð. Komi til þess að gjalddagi skuldabréfanna falli á dag sem ekki er bankadagur og útgefandi greiðir á næsta bankadegi þar á eftir, er skuldabréfaeigendum ekki heimilt að innheimta dráttarvexti.

## **Eftirlitsaðili**

Við útgáfu skuldabréfanna er samningur í gildi við eftirlitsaðila skuldabréfanna sem er Deloitte ehf., kt. 521098-2449, Smáratorg 3, 201 Kópavogur. Samningurinn er til fimm ára.

Útgefandi skal ávallt á líftíma skuldabréfanna hafa í gildi samning við eftirlitsaðila. Komi til þess að ekki sé til staðar samningur við eftirlitsaðila skal síðasti eftirlitsaðili starfa með óbreyttar heimildir á grundvelli útseldra tíma samkvæmt útgefni verðskrá á kostnað útgefanda þar til nýr eftirlitsaðili hefur verið ráðinn til starfa. Ákvæði þessa efnis skal koma fram í samningi útgefanda við eftirlitsaðila.

Krefjist 75% skuldabréfaeigenda þess að skipt sé um eftirlitsaðila er útgefanda skylt að verða við slíkri kröfu enda séu þeir skilmálar sem útgefanda bjóðast hjá nýjum eftirlitsaðila sambærileg við þá sem áður giltu og skuldabréfaeigendur samþykkja hinn nýja eftirlitsaðila í samræmi við ákvæði skuldabréfsins. Komi til þess að þeir skilmálar sem nýr eftirlitsaðili býður feli í sér hærri kostnað en áður var skulu skuldabréfaeigendur standa straum af þeim hluta kostnaðar við samning við eftirlitsaðila sem er umfram þann kostnað sem áður var, enda séu skuldabréfaeigendur samþykkir breytingunni.

Óski útgefandi eftir því að skipta um eftirlitsaðila skal hann leita samþykkis skuldabréfaeigenda, en samþykki um slíkt skal veitt á fundi skuldabréfaeigenda, sem boðaður hefur verið og haldinn í samræmi við

ákvæði um samþykktarferli fyrir gjaldfellingu að breyttu breytanda. Fundarboði skal fylgja rökstuðningur útgefanda fyrir ósk sinni um breyttan eftirlitsaðila, þ.m.t. um hver hinn nýi eftirlitsaðili yrði. Ósk útgefanda telst vera samþykkt ef 75% fundarmanna á fundi skuldabréfaeigenda samþykkja hana. Skal samþykktarhlutfallið reiknað sem fjárhæð skuldabréfa í eigu þeirra sem gjalda óskinni jáyrði sitt deilt með fjárhæð skuldabréfa allra þeirra sem til fundar skuldabréfaeigenda mæta. Skuldabréf í eigu útgefanda veita ekki atkvæðisrétt og skal litið framhjá þeim við útreikning hlutfalla.

### ***Hlutverk eftirlitsaðila***

Eftirlitsaðila ber að staðfesta og kanna sjálfstætt útreikninga útgefanda á fjárhagslegum skilyrðum skuldabréfanna, þ.e. vaxtaþekju og eiginfjárhlutfalli. Útgefandi skal birta skýrslur eftirlitsaðila með tilkynningu á evrópska efnahagssvæðinu (fréttakerfi kauphallar). Um skyldur eftirlitsaðila fer að öðru leyti samkvæmt ákvæðum skuldabréfanna og samnings eftirlitsaðila við útgefanda.

### ***Gjaldfellingarheimildir***

Hafi greiðsla vaxta eða höfuðstóls ekki verið innt af hendi innan þrjátíu (30) daga eftir gjalddaga er skuldabréfaeigendum heimilt að fella allar eftirstöðvar skuldabréfanna í gjalddaga.

Ef (i) fjárnám verður gert hjá útgefanda, (ii) önnur lán útgefanda að lágmarki að fjárhæð 1 milljón evra fyrir einstakar skuldbindingar eða samtals að fjárhæð 2 milljónir evra eru gjaldfelld, (iii) fram kemur ósk um gjaldþrotaskipti á búi útgefanda, (iv) útgefandi leitar nauðasamninga, (v) eignir útgefanda eru auglýstar á nauðungaruppboði eða (vi) eignir útgefanda eru kyrrsettar sem hluti af fullnustuaðgerðum kröfuhafa, er skuldabréfaeigendum heimilt að fella allar eftirstöðvar skuldabréfanna í gjalddaga. Gjaldfelling er þó ekki heimil ef réttmætum mótbárum útgefanda og eðlilegum vörnum er haldið uppi.

Skal við mat á heimildum til gjaldfellinga skv. framangreindum (ii) lið horft til þess að fjárhæðir séu verðbættar samkvæmt vísitölu neysliverðs til verðtryggingar, með vísitölu neysliverðs í september 2021.

Verði útgefandi uppvís að brotum á sérstökum skilyrðum skuldabréfanna hefur hann þrjátíu og fimm daga til að bæta úr broti frá þeim degi að það á sér stað. Sé brot til staðar á þrítugasta og sjötta degi er skuldabréfaeigendum heimilt að fella allar eftirstöðvar skuldabréfanna í gjalddaga.

Hafi skuldabréfin ekki verið tekin til viðskipta á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland fyrir 30. júní 2022 er skuldabréfaeigendum heimilt að fella allar eftirstöðvar skuldabréfanna í gjalddaga.

Komi til þess að gjaldfellingarheimild sé til staðar og einhver skuldabréfaeigandi hyggst nýta þá heimild skal ákvörðun um gjaldfellingu fara fram í samræmi við samþykktarferli fyrir gjaldfellingu.

### ***Samþykktarferli fyrir gjaldfellingu***

Komi til þess að til staðar sé gjaldfellingarheimild er hverjum skuldabréfaeiganda heimilt að óska eftir fundi skuldabréfaeigenda þar sem ákvörðun skal tekin um hvort gjaldfella eigi skuldabréfin. Skulu skuldabréfaeigendur beina ósk um fund skuldabréfaeigenda til eftirlitsaðila sem annast fundarboðun og fundarstjórn fundar skuldabréfaeigenda.

Við móttöku beiðni skuldabréfaeiganda um fund skuldabréfaeigenda skal eftirlitsaðili innan tveggja (2) daga senda útgefanda tilkynningu um fundarboðun og skal útgefandi birta slíka tilkynningu opinberlega á evrópska efnahagssvæðinu (fréttakerfi kauphallar). Fund skuldabréfaeigenda skal ávallt boða með að lágmarki tveggja vikna fyrirvara og skal fundarboðið tilgreina hvar og hvenær fundur skuldabréfaeigenda skal haldinn. Skirrist útgefandi við að birta fundarboð er eftirlitsaðila heimilt að láta birta tilkynningu í nafni útgefanda og á hans kostnað. Útgefanda er heimilt að tjá sig á fundi skuldabréfaeigenda, en skal víkja af fundi áður en atkvæðagreiðsla hefst.

Atkvæðisréttur skuldabréfaeigenda miðast við fjárhæð skuldabréfaeignar hvers skuldabréfaeiganda í hlutfalli við útstandandi fjárhæð skuldabréfaflokksins. Skal eignarhlutfall hvers skuldabréfaeigenda miðast við skráða eign þeirra í lok þess dags sem fundur skuldabréfaeigenda er boðaður. Eigi útgefandi hluta skuldabréfanna skal sá hluti ekki bera atkvæðisrétt, og eignarhlutfall annarra skuldabréfaeigenda því verða hlutfallslega hærra sem nemur skuldabréfum í eigu útgefanda.

Gjaldfelling telst samþykkt ef 33% skuldabréfaeigenda samkvæmt framangreindu samþykkja hana. Allir skuldabréfaeigendur eru bundnir við ákvarðanir sem teknar eru á fundi skuldabréfaeigenda og teljast öll skuldabréfin gjaldfallin sé tekin ákvörðun um gjaldfellingu. Sé gjaldfellingarheimild ekki lengur til staðar á fundardegi er ekki heimilt að nýta gjaldfellingarheimildina og skal eftirlitsaðili þá án tafar afboða fundinn.

Fundarboðun, fundargögn og niðurstöður fundar skulu birtar opinberlega á evrópska efnahagssvæðinu (fréttakerfi kauphallar). Komi til þess að félagið sé ekki með útgefna fjármálagerninga sem teknir hafa verið til viðskipta skal framangreint sent Nasdaq CSD sem kemur upplýsingum áleiðis til skuldabréfaeigenda.

### **Arðgreiðslur**

Greiðsla arðs, kaup á eigin hlutabréfum eða lækkun hlutafjár til greiðslu til hluthafa er heimil innan þeirra marka sem eðlilegt og sanngjarnt getur talist, en þó þannig að fjárhagsleg skilyrði verði ekki brotin við aðgerðina. Skilyrði fyrir arðgreiðslu, kaupum á eigin hlutabréfum eða lækkun hlutafjár, í hvaða formi sem hún kann að verða, er að engar vanefndir samkvæmt skuldabréfunum séu til staðar eða séu fyrirsjáanlegar vegna aðgerðarinnar.

### **Upplýsingaöflun**

Útgefanda og eftirlitsaðila er á hverjum tíma heimilt að afla upplýsinga um skráða eigendur skuldabréfanna frá Nasdaq CSD.

### **Skilmálabreyting**

Útgefanda er heimilt að óska eftir breytingu á skilmálum skuldabréfanna, en ákvörðun um slíkt skal taka á fundi skuldabréfaeigenda, sem boðaður er og haldinn í samræmi við ákvæði um samþykktarferli fyrir gjaldfellingu að breyttu breytanda. Fundarboði skal fylgja yfirlit yfir tillögur útgefanda að breyttum skilmálum.

Tillögur að breyttum skilmálum skuldabréfanna teljast vera samþykktar ef 90% skuldabréfaeigenda samþykkja hana. Útgefanda ber að tilkynna hjá Nasdaq CSD, um hvers kyns breytingar á skilmálum skuldabréfanna.

### **Framsal**

Engar takmarkanir eru á framsali skuldabréfa, aðrar en að eingöngu skal framselja skuldabréfin til nafngreinds aðila.

### **Ágreiningsmál**

Rísi mál út af skuldabréfum þessum skal það rekið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur samkvæmt ákvæðum XVII. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

### **Afskráning**

Skuldabréfin verða afskráð sjö sólarhringum eftir lokagjaldþaga nema tilkynning um annað berist frá útgefanda. Útgefanda ber að tilkynna Nasdaq CSD SE, um greiðslufall skuldabréfanna og skal í því tilviki senda Nasdaq CSD tilkynningu þar um þegar greiðsla hefur farið fram.

### 2.4.3. Sérstök skilyrði vegna skuldabréfaflokksins Brim 221026 GB

Verði útgefandi uppvís að brotum á neðangreindum skilmálum hefur hann þrjátíu og fimm (35) daga til að bæta úr broti frá því það á sér stað. Sé brot enn til staðar á þrítugasta og sjötta (36) degi er skuldabréfaeigendum heimilt að fella allar eftirstöðvar skuldabréfanna í gjalddaga.

- a) **Tilkynning á vanefnd:** Útgefandi skuldbindur sig til að tilkynna skuldabréfaeigendum þegar í stað ef hann verður var við að hvers kyns vanefndartilvik samkvæmt skuldabréfunum hafi átt sér stað. Jafnframt skal útgefandi tilkynna um gjaldfellingarheimildir ef þær eru fyrir hendi hjá öðrum lánveitendum útgefanda. Tilkynning samkvæmt ákvæði þessu telst fullnægjandi sé hún birt opinberlega á evrópska efnahagssvæðinu (fréttakerfi kauphallar), sé útgefandi með útgefna fjármálagerninga sem teknir hafa verið til viðskipta, en annars sé hún send með ábyrgðarpósti.
- b) **Fjárhagsleg skilyrði:** Útgefandi skuldbindur sig til að hlíta neðangreindum fjárhagslegum skilyrðum sem taka mið af rekstri og efnahag samstæðu útgefanda:

1. **Vaxtaþekja:** Vaxtaþekja skal ekki vera lægri en 2,5. Vaxtaþekja er skilgreind sem hagnaður útgefanda fyrir afskriftir, fjármagnsliði og skatta (e. *EBITDA*) deilt með summu allra vaxtagreiðslna útgefanda, þ.m.t. af skuldabréfi þessu.
2. **Eiginfjárlutfall:** Eiginfjárlutfall skal á hverjum prófunardegi vera 25% eða hærra. Eiginfjárlutfall er skilgreint sem heildar eigið fé útgefanda deilt með heildareignum útgefanda.

Framangreind fjárhagsleg skilyrði skulu reiknuð af útgefanda á prófundögum. Skal útgefandi senda eftirlitsaðila öll nauðsynleg gögn innan tveggja vikna frá prófundardegi og skal eftirlitsaðili birta skýrslu sína innan tveggja vikna þaðan í frá.

**Viðmiðun:** Efnahagsliðir miðast við punktstöðu á uppgjörsdögum og rekstrarliðir miðast við undangengna 12 mánuði frá uppgjörsdögum.

**Úrbætur:** Til úrbóta á ofangreindum fjárhagslegum skilyrðum er útgefanda heimilt að auka eigið fé sem nemur því sem upp á *EBITDA* vantar til að útreikningur á vaxtaþekju standist eða þá fjárhæð sem þarf til að eiginfjárlutfall standist.

- c) **Jafn rétt háar kröfur:** Kröfur samkvæmt skuldabréfunum standa ávallt jafnar og óheimilt er að inna af hendi greiðslu til eins eða fleiri skuldabréfaeiganda nema að sama hlutfall sé greitt til allra skuldabréfaeigendanna.
- d) **Bann við breytingum á starfsemi eða tilgangi útgefanda:** Útgefandi skuldbindur sig til að skipta hvorki útgefanda upp í tvö eða fleiri sjálfstæð félög né gera verulegar breytingar á tilgangi útgefanda, nema að fengnu samþykki 75% skuldabréfaeigenda miðað við fjárhæð. Þrátt fyrir framangreint er útgefanda ávallt heimilt að skipta tilteknum eignum sínum eða hluta rekstrar í félag að fullu í eigu útgefanda.
- e) **Upplýsingar:** Útgefandi skal birta alla útreikninga sína á fjárhagslegum skilyrðum, vegna sérstakra skilyrða opinberlega á evrópska efnahagssvæðinu (fréttakerfi kauphallar).
- f) **Eftirlitsaðili:** Á hverjum tíma á líftíma skuldabréfsins skal alltaf vera í gildi samningur við eftirlitsaðila.

### 2.4.4. Skipulag greiðslna og sjóðstreymi

Útgefandi hefur markað sér stefnu um að eiga á hverjum tíma nægt laust fé til að mæta tímabundnum sveiflum í rekstri gerist þess þörf. Útgefandi ber ábyrgð á því að eiga nægilegt laust fé til að greiða af skuldabréfunum á gjalddaga.

Útgefandi skuldbindur sig til þess að hlíta ákveðnum fjárhagslegum skilyrðum sem taka mið af rekstri og efnahag samstæðunnar. Nánar er fjallað um þessi skilyrði í kafla 2.4.3. *Sérstök skilyrði vegna skuldabréfaflokksins Brim 221026 GB* í verðbréfalýsingu þessari.

Útgefandi mun með milligöngu verðbréfamiðstöðvar greiða af skuldabréfunum höfuðstól, vexti og verðbætur á gjalddaga til þeirra reikningsstofnana þar sem skráðir eigendur skuldabréfanna eiga vörslureikning. Viðkomandi reikningsstofnun annast endanlegar greiðslur inn á reikninga eigenda.

#### **2.4.5. Önnur lánsfjármögnun útgefanda**

Að skuldabréfaflokknum Brim 221026 GB undanskildum eru skuldir Brims við lánastofnanir að fjárhæð 266,7 milljónir evra, eða um 39.354 m.kr.<sup>1</sup>, miðað við árslokastöðu 2021.

Brim er með veðtryggðar skuldbindingar en skuldabréfin njóta ekki veðtrygginga og standa fjárfestar því frammi fyrir þeirri áhættu að kröfur þeirra á hendur útgefanda njóta ekki sérstakra trygginga í eignum útgefanda. Slíkar kröfur standa aftar veðtryggðum kröfum í veðröð komi til gjaldþrots eða slita.

#### **2.4.6. Skattheimta**

Um skattalega meðferð skuldabréfa fer samkvæmt gildandi skattalögum á hverjum tíma.

Útgefandi mun ekki draga staðgreiðslu af vaxtatekjum skuldabréfanna og ábyrgist ekki að skattur af vöxtum og arði sem innheimt eru með staðgreiðslu sé haldið eftir, samanber 1. mgr. 3. gr. laga nr. 94/1996, um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur.

Skuldabréfaeigendur bera sjálfir ábyrgð staðgreiðslu fjármagnstekna sinna af skuldabréfunum og eftir atvikum greiðslu annarra skatta samkvæmt lögum og reglum eins og þau eru á hverjum tíma. Sá aðili sem varslar skuldabréf fyrir skuldabréfaeiganda annast útreikning og staðgreiðslu af vaxtatekjum skuldabréfanna. Skuldabréfin eru ekki stimpilskyld, sbr. ákvæði laga nr. 138/2013, um stimpilgjald.

#### **2.4.7. Lagarammi**

Útgáfa þessi lýtur viðeigandi íslenskum lögum svo sem þau eru við staðfestingu lýsingar þessarar, sbr. lög nr. 14/2020 um lýsingu verðbréfa sem boðin eru í almennu útboði eða tekin til viðskipta á skipulegum markaði. Skuldabréfin eru verðbréf í skilningi 63. tölul. 4 gr. laga nr. 115/2021 um markaði fyrir fjármálagerninga og eru rafrænt skráð, sbr. lög nr. 7/2020 um verðbréfamiðstöðvar, uppgjör og rafræna eignaskráningu fjármálagerninga.

Hlutabréf í útgefanda, sem og aðrir fjármálagerningar útgefni af Brimi, hafa verið tekin til viðskipta á skipulegum markaði Nasdaq Iceland sem er skipulegur markaður í skilningi laga nr. 115/2021 um markaði fyrir fjármálagerninga.

Kröfur samkvæmt skuldabréfunum fyrnast á 10 árum frá gjalddaga í samræmi við 5. gr. laga nr. 150/2007, um fyrningu kröfuréttinda, nema kröfur um vexti og verðbætur sem fyrnast á fjórum árum frá gjalddaga í samræmi við 3. gr. sömu laga.

Rísi mál út af skuldabréfunum má reka þau fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur skv. ákvæðum XVII kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

---

<sup>1</sup> EUR/ISK Miðgengi Seðlabanka Ísland þann 31.12.2021

### 3. Tilkynning til fjárfesta

Lýsing Brims, dagsett 24. maí 2022, varðar umsókn útgefanda um töku skuldabréfaflokksins BRIM 221026 GB til viðskipta á skipulegum markaði Nasdaq Iceland hf., kt. 681298-2829, Laugavegi 182, 105 Reykjavík (hér eftir „Nasdaq Iceland“).

Verðbréfalýsingin er gerð í samræmi við lög nr. 14/2020, um lýsingu verðbréfa sem boðin eru í almennu útboði eða tekin til viðskipta á skipulegum markaði og reglugerð nr. 274/2020 um framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/980 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/1129, að því er varðar sniðmát, efni, athugun og staðfestingu lýsinga sem birta skal þegar verðbréf eru boðin í almennu útboði eða tekin til viðskipta á skipulegum markaði. Verðbréfalýsingin fylgir ákvæðum um upplýsingagjöf í lýsingum skv. viðauka 15 í framseldri reglugerð (ESB) nr. 2019/980.

Lýsingin er útbúin af Íslandsbanka og byggir alfarið á gögnum frá félaginu og stjórnendum þess. Lýsingin samanstendur af tveimur sjálfstæðum skjölum: verðbréfalýsingu þessari dagsettri 24. maí 2022 og útgefandalýsingu, dagsett 24. maí 2022.

Aðgengi að lýsingunni verður tryggt í 10 ár eftir birtingu hennar á vefsetri útgefanda <https://www.brim.is/is/fjarfestar>. Fjáfestar geta einnig óskað eftir eintaki af lýsingunni á prentuðu formi á skrifstofu félagsins.

Fjáfestar ættu ætíð að byggja ákvörðun sína um fjárfestingu í skuldabréfaflokknum á eigin skoðun eða óháðri ráðgjöf sem þeir telja viðeigandi. Fjáfestar eru hvattir til að kynna sér vel skuldabréfaflokkinn og alla skilmála hans áður en ákvörðun er tekin um að fjárfesta í skuldabréfunum. Fjáfestar eru ennfremur hvattir til að kynna sér vel innihald kafla 1 Áhættuþættir í verðbréfalýsingu þessari sem og kafla 1 Áhættuþættir í útgefandalýsingu Brims dagsettri 24. maí 2022.

Fjáfestar verða sjálfir að taka ákvörðun um hvort fjárfesting í bréfunum sé góður kostur fyrir þá. Fjáfestum er einkum bent á að huga að eftirfarandi þáttum:

- a) Fjáfestar þurfa að búa yfir nægjanlegri þekkingu og reynslu til að meta virði skuldabréfanna og lausafjárstöðu útgefanda með fullnægjandi hætti. Fjáfestar verða að gera sér grein fyrir áhættunni sem fylgir fjárfestingum í skuldabréfunum og hafa kynnt sér rækilega innihald lýsingarinnar og eftir atvikum annars efnis um útgefanda.
- b) Fjáfestar verða að vera færir um að meta með fullnægjandi hætti áhrif fjárfestingar í skuldabréfunum á eigin eigna- og fjárhagsstöðu. Fjáfestar verða að búa yfir nægilegri fjárfestingagetu og lausafé til að bera áhættuna sem fylgir kaupum á skuldabréfunum.
- c) Fjáfestar verða að kynna sér og skilja skilmála skuldabréfanna og vera kunnugir eðli fjármagnsmarkaða. Fjáfestar verða að vera færir um að meta, ýmist sjálfir eða með hjálp ráðgjafa, hvaða áhrif sveiflur í rekstri útgefanda, breytingar á vaxtastigi eða aðrir sambærilegir þættir geta haft á fjárfestingar í skuldabréfunum.
- d) Fjáfestum er ráðlagt að skoða lagalega stöðu sína og þau skattalegu áhrif sem kaup á skuldabréfum útgefnum af útgefanda kunna að hafa og leita óháðrar ráðgjafar í því tilliti.

Verðbréfalýsingu þessa eða önnur skjöl sem eru hluti af verðbréfalýsingunni skal hvorki senda í pósti né dreifa á einn eða annan hátt til landa þar sem dreifing myndi krefjast viðbótarskráningarferlis eða aðgerða annarra en þeirra sem heyra undir íslensk lög og reglur, eða ef slík dreifing greinir á við lög eða reglur viðeigandi landa. Verðbréfalýsingu þessa eða önnur skjöl sem eru hluti af verðbréfalýsingunni skal þannig meðal annars hvorki senda í pósti né dreifa á einn eða annan hátt til eða innan Bandaríkjanna, Ástralíu, Kanada eða Japans. Hvorki Íslandsbanki sem umsjónaraðili eða útgefandi eru skaðabótaskyldir vegna dreifingar á lýsingunni til þriðja aðila í þeim lögsögum sem að framan greinir.

### 3.1. Skuldabréf tekin til viðskipta á skipulögðum markaði

Í kjölfar þess að lýsing útgefanda, sem verðbréfalýsing þessi er hluti af, hefur verið staðfest af Fjármálaeftirliti Seðlabanka Íslands mun stjórn útgefanda óska eftir því, með formlegri umsókn, að öll útgefin skuldabréf útgefanda í flokknum BRIM 221026 GB verði tekin til viðskipta á skipulegum markaði Nasdaq Iceland. Verði umsóknin samþykkt er stefnt að töku allra þegar útgefina skuldabréfa í flokknum til viðskipta eigi síðar en 27. maí 2022.

Auðkenni skuldabréfaflokksins í viðskiptakerfi Nasdaq Iceland verður BRIM 221026 GB

Markmiðið með því að fá skuldabréfin tekin til viðskipta á skipulegum markaði Nasdaq Iceland er að stuðla að auknum seljanleika og virkari verðmyndun skuldabréfanna, auk þess að tryggja fjárfestum að starfshættir og upplýsingagjöf um meðal annars fjárhagsstöðu útgefanda séu í samræmi við Reglur fyrir útgefendur fjármálagerninga, útgefna af Nasdaq Iceland.

### 3.2. Ástæða útgáfunnar, ráðstöfun andvirðis hennar og markmið með töku bréfanna til viðskipta

Söluandvirði útgáfunnar var alls kr. 4.965.442.361- og nettósöluandvirði, að teknu tilliti til kostnaðar er áætlað kr. 4.947.142.361. Andvirði skuldabréfaflokksins verður nýtt til fjármagna verkefni félagsins sem falla undir sjálfbærar fjármögnunarramma félagsins. Markmið töku skuldabréfanna til viðskipta er að auka markaðshæfi þeirra og seljanleika fyrir fjárfesta

Útgefandi ber allan kostnað sem hlýst af því að fá skuldabréf félagsins tekin til viðskipta á skipulegum markaði Nasdaq Iceland og er heildarkostnaður félagsins af því áætlaður um kr. 18.3 milljónir. Kostnaðurinn samanstendur af skráningargjaldi Nasdaq Iceland vegna töku bréfanna til viðskipta, þóknun skv. gjaldskrá verðbréfamiðstöðvar vegna rafrænnar skráningar bréfanna, kostnaði vegna yfirferðar og staðfestingar lýsingar hjá Fjármálaeftirliti Seðlabanka Íslands og þóknun til Íslandsbanka hf. vegna umsjónar með sölu bréfanna og gerð lýsingar.

### 3.3. Umsjónaraðili útgáfunnar og töku skuldabréfanna til viðskipta

Umsjónaraðili töku skuldabréfanna til viðskipta á skipulegum markaði Nasdaq Iceland er fyrirtækjaráðgjöf Íslandsbanka hf., kt. 491008-0160, Hagasmára 3, 201 Kópavogi (hér eftir „**umsjónaraðili**“ eða „**fyrirtækjaráðgjöf Íslandsbanki**“). Fyrirtækjaráðgjöf Íslandsbanka var ráðgjafi félagsins og umsjónaraðili með sölu skuldabréfanna, ásamt verðbréfamiðlun sem hafði umsjón með útboðum skuldabréfanna.

Fyrirtækjaráðgjöf Íslandsbanka hf. hefur jafnframt verið með umsjón við gerð lýsingar útgefanda dagsettrar 24. maí, vegna töku skuldabréfaflokksins til viðskipta á skipulegan markað Nasdaq Iceland. Lýsingarnar eru byggðar á upplýsingum frá útgefanda.

Íslandsbanki þiggur þóknun fyrir aðkomu sína að þessum verkefnum. Samskiptaupplýsingar Íslandsbanka eru: fyrirtækjaradgjof@islandsbanki.is og LEI auðkenni er 549300PZMFIQR79QoT97.

Vakin er athygli á eftirfarandi hagsmunum Íslandsbanka vegna Brims:

- Brim er viðskiptavinur Íslandsbanka sem hefur verið ráðgjafi félagsins og umsjónaraðili með sölu skuldabréfanna og gerð lýsingar vegna töku þeirra til viðskipta.
- Íslandsbanki þiggur þóknun fyrir þessi störf sín fyrir útgefanda.
- Íslandsbanki er viðskiptabanki útgefanda.
- Íslandsbanki er meðal lánardrottna Brims.

Mögulegir hagsmunaárekstrar stjórnar og félagsins er að finna í umfjöllun um stjórn félagsins og hugsanlega hagsmunaárekstra í kafla 2.6 og kafla 2.7 í útgefendalýsingu félagsins dagsett 24. maí 2022.

### 3.4. Endurskoðendur útgefanda

Endurskoðendur útgefanda á því tímabili sem sögulegar fjárhagsupplýsingar taka til í lýsingu þessari voru Deloitte ehf., kt. 521098-2449, Smáratorg 3, 201 Kópavogur, og fyrir þeirra hönd Ingvi Björn Bergmann, kt. 190481-3879, löggiltur endurskoðandi og meðlimur í Félagi löggiltra endurskoðenda. Deloitte hafa starfað á því tímabili sem sögulegar fjárhagslegar upplýsingar í lýsingunni taka til. Þá hefur Deloitte ekki hafnað að veita áritun á árs- eða hálfársuppgjör félagsins á því tímabili sem sögulegar fjárhagslegar upplýsingar í lýsingunni taka til.

Deloitte var kjörið endurskoðandi Brims hf. á aðalfundi félagsins þann 24. mars 2022. Deloitte hefur verið endurskoðandi Brims hf. síðan á aðalfundi félagsins ársins 2015.

### 3.5. Upplýsingar frá þriðja aðila

Upplýsingar í verðbréfalýsingu þessari byggja ekki á yfirlýsingum utanaðkomandi sérfræðinga eða þriðja aðila.

### 3.6. Staðfesting af hálfu Fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands

Verðbréfalýsing þessi hefur verið staðfest af Fjármálaeftirliti Seðlabanka Íslands (hér eftir „Fjármálaeftirlitið“), sem er lögbært yfirvald samkvæmt lögum um lýsingu verðbréfa sem boðin eru á almennu útboði eða tekin til viðskipta á skipulegum markaði nr. 14/2020 og reglugerð ESB 2017/1129. Fjármálaeftirlitið staðfestir aðeins verðbréfalýsingu þessa í þeim skilningi að hún uppfyllir kröfur um að vera fullnægjandi, skiljanleg og samkvæm sem kveðið er á um í reglugerð ESB 2017/1129. Ekki ber að líta á slíka staðfestingu sem staðfestingu á gæðum verðbréfanna sem viðkomandi verðbréfalýsing varðar, og fjárfestar skuli meta sjálfir hvort þeim henti að fjárfesta í verðbréfunum.



### 3.7. Yfirlýsing ábyrgðaraðila verðbréfalýsingar fyrir hönd útgefanda

Fyrir hönd útgefanda lýsa undirritaðir, formaður stjórnar Brims hf., og forstjóri Brims hf. því yfir að samkvæmt þeirra bestu vitund eru upplýsingarnar sem verðbréfalýsing þessi hefur að geyma í samræmi við staðreyndir og að engum upplýsingum er sleppt sem gætu haft áhrif varðandi áreiðanleika hennar.

Reykjavík, 24. maí 2022

F.h. Brims hf.

---

Kristján Þórarinn Davíðsson,  
*stjórnarformaður Brims hf.*

---

Guðmundur Kristjánsson,  
*forstjóri Brims hf.*